

Fundargerð

Fundur í stjórn Siðfræðistofnunar, haldinn þriðjudaginn, 15. ágúst 2000, kl. 12:00.
Mætt voru: Vilhjálmur Árnason formaður, Björn Björnsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, og Salvör Nordal.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. Bækurnar *Hvers er siðfræðin megnug* og *Siðfræði handa Amador*, sem komu út í júní, kynntar fyrir fundarmönnum. Ítrekuðu fundarmenn að biskup og rektor fengju eintök sem fyrst.
Björn greindi frá því að þýðingin á *Teologisk Ethik* væri komin í yfirlestur. Vonir væru bundnar við að bókin kæmi út fyrir jólin. Salvör skýrði frá því að Siðfræðistofnun hefði ekki fengið styrk úr norræna þýðingarsjóðnum en möguleiki væri á því að sækja aftur í sjóðinn í október.
Vilhjálmur ræddi möguleika á öðrum bókum á vegum stofnunarinnar og stakk upp á greinarsafni um heilbrigðismál en margar greinar eru til eftir fjölmarga höfunda um siðfræði heilbrigðismála. Þá nefndi hann einnig möguleika á að gefa út greinasafn þýddra greina um siðfræði en Jón Kalmansson hefur þegar þýtt fjölmargar greinar fyrir stofnunina á síðustu árum.
3. Drög að dagskrá stofnunarinnar fyrir haustið lögð fram þar sem m.a. er gert ráð fyrir umræðufundi um *Hvers er siðfræðin megnug* í byrjun september, opnu málþingi um fósturrannsóknir í samvinnu við Siðaráð landlæknis um miðjan september, Skálholtsfundi í október, og málþingi á vormisseri um friðhelgi og gagnagrunna. Lagði Vilhjálmur til að í tengslum við það síðast nefnda hefði stofnunin samband við George Annas um að hann kæmi og héldi erindi.
4. Lagt fram yfirlit yfir þau fjárframlög sem stofnunin hefur fengið á árinu. Fjárframlög hafa verið afgreidd frá Kirkjunni og hluti af fjárframlögum Háskólasjóðs. Stjórnin óskaði eftir fjárhagsáætlun fyrir næsta stjórnarfund.
5. Fundargerð fyrsta fundar starfshóps um M.A. nám í siðfræði lögð fram. Vilhjálmur gerði frekari grein fyrir fundinum og ýmsum erfiðleikum tengdum náminu sem m.a. tengdust stöðu stofnunarinnar innan Háskólans.
6. Salvör skýrði frá því að stofnunin hefði fengið 160 þúsund úthlutað úr tækjakaupasjóði.
7. Lögð fram beiðni frá Sigurði Kristinssyni um að ráðgjöf hans og Guðmundar Heiðars Frímanssonar fyrir *Urði*, *Verðandi*, *Skuld* verði gerð undir merkjum Siðfræðistofnunar. Var beiðnin samþykkt.
8. Lagt fram bréf kennslustjóra og lögfræðingi rektors, vegna nýrrar reglugerðar um Háskóla Íslands, þar sem kemur fram að skv. nýrri reglugerð fyrir H.Í. sé

gert ráð fyrir að settar verði sérreglur fyrir hverja stofnun. Óskað er eftir því við stjórn Siðfræðistofnunar að gerð verði tillaga að nýjum reglum fyrir stofnunina og sú tillaga berist háskólaráði eigi síðar en 15. október n.k. Vilhjálmur lagði til að haldinn yrði fundur með Þórði Kristinssyni, Ólafi Jóhannesi Einarssyni og Halldóri Jónssyni vegna þessa erindis, þar sem reynt væri að skýra grundvöll stofnunarinnar. Salvöru falið að setja upp slíkan fund eftir fyrstu vikuna í september.

9. Salvör skýrði frá hugmyndum um að búinn yrði til heimspeki vefur með aðild Siðfræðistofnunar, Heimspekistofnunar og Félags áhugamanna um heimspeki. Velti hún því upp hvort stofnunin gæti lagt um 200 þúsund til að koma þessu verkefni af stað. Stjórnin frestaði afgreiðslu þeirrar beiðni þar til fjárhagsáætlun lægi fyrir.
10. Rætt um nauðsyn þess að endurvekja velunnaralista stofnunarinnar. Salvöru falið að ganga í málið.
11. Vilhjálmur skýrði frá því að Garðar Árnason, sem er í doktorsnámi í vísindaheimspeki í Kanada, væri að koma til landsins og myndi vera með aðsetur hjá Siðfræðistofnun í vetur. Hann myndi m.a. koma að rannsóknarverkefninu um gagnagrunna og friðhelgi.

Fundi slitið 13:37

S.N.